

**203. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
12. júlí 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Ólafur Adolfsson og Halla Marta Árnadóttir tóku þátt fundinum á Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2105179 - Deiliskipulag Flóahverfi -dælistöð, umsókn til skipulagsfulltrúa**

Grenndarkynnt var breyting á deiliskipulagi Flóahverfis þar sem gerð er ný lóð undir dælustöð. Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykki hefur borist vegna málsins.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 2105127 - Deiliskipulag Sementsreits - breyting - Suðurgata**

Breyting á deiliskipulagi Sementsreits sem felst m.a. í að lóðir við Suðurgötu 92-112 fá rýmri byggingarreit o.fl. Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skv. skipulagslögum 123/2010, frá 9. júní til 11. júlí 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 2107025 - Deiliskipulag Sementsreitir - götur**

Byggð aðlöguð að veghönnun Faxabrautar:  
Einstefnugötur frá faxabraut, djúpgámum komið fyrir, spennistöðvar staðsettar, fjöldi íbúða miðast við meðalstærð 100 fermetra. Skýringamynd um veghelgunarsvæði bætt við auk mannvirkja sem heimilt er að fjarlægja.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að frávik í deiliskipulaginu v. gatnahönnunar verði heimiluð skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010, frávikin eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en lóðarhafa og Akraneskaupstaðar og teljast því óverulegar.*

**4. 2104262 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 5**

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir stöðu skipulagsvinnunnar. Stefnt er að því að fullbúinn gögn liggja fyrir næsta fund ráðsins 9. ágúst n.k.

**5. 2104261 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 3C**

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir stöðu skipulagsvinnunnar. Stefnt er að því að fullbúinn gögn liggja fyrir næsta fund ráðsins 9. ágúst n.k.

**6. 2105152 - Vesturgata 149 - Umsókn um byggingarleyfi**

Óskað er efir að breyta ytra útliti Vesturgötu 149 með því að breyta glugga í svalahurð og byggja svalir við húsið.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að byggingarleyfið verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verð fyrir Vesturgötu 151, Stillholti 1 og Presthúsabraut 22, 24 og 26.*

**7. 2106193 - Suðurgata 50a- Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn um að breyta húsinu í tveggja hæða fjölbýlishús með tveimur íbúðum og hluti 1. hæðar verði rými fyrir verslun og þjónustu.

*Umsókn lögð fram. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**8. 2106198 - Vallholt 5 - Umsókn um lóðarleigusamning**

Umsókn um að endurnýja lóðarleigusamning sem rennur út 1. janúar 2024. Gildandi samningur er ekki í samræmi við notkun, stærð og kvaðir vantar inn á lóð.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að gerður verður nýr samningur.*

**9. 2105073 - Félagslegt leiguhúsnæði kaup og sala**

Á 155. fundi velferðar- og mannréttindaráðs- trúnaðarbók þann 2. júní 2021, var tekið fyrir málið Félagslegt leiguhúsnæði, kaup og sala. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við skipulags- og umhverfisráð og bæjarráð að íbúðir í eigu Akraneskaupstaðar að Einigrund 2 (0304) og Merkigerði 12 verði settar í sölufrelsi. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að söluandvirði verði notað til að fjárfesta í félagslegu leiguhúsnæði. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að seldar verði eignir Akraneskaupstaðar á Einigrund 2 (0304) og Merkigerði 12, sbr. tillögu velferðar- og mannréttindaráðs af fundi ráðsins 2.6.2021.*

**10. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging**

Grundaskóli hönnun.

*Fyrir liggur forhönnun hjá Andrúum arkitektum varðandi C-álm og stjórnunarálm í Grundaskóla m.a. vegna rakavandamála sem upp komu í skólanum. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs verði falið að klára samning við Andrúum arkitekta varðandi fullnaðarhönnun af þeirra hendi sbr. fyrirliggjandi gögn þar að lútandi.*

**11. 2107026 - Framkvæmdaleyfi - Æðaroddi**

Umsókn Veitna ohf. um framkvæmdaleyfi, sem felur í sér að koma fyrir setþró og nýrri útráðs. Sjá umsögn Umhverfisstofnunar dags. 12. febrúar 2021.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að samþykkja framkvæmdaleyfi sem felur í sér að koma fyrir setþró og nýrri útrás við Æðarodda skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**12. 2107064 - Framkvæmdaleyfi - dælistöð í Flóahverfi**

Umsókn um framkvæmdaleyfi er varðar tengingu á fráveitulögnum í Flóahverfi við hreinsistöðina í Kalmansvík og byggingu á skólþdælustöð í Flóahverfi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að samþykkja framkvæmdaleyfi er varðar tengingu á*

*fráveitulögnum í Flóahverfi við hreinsistöðina í Kalmansvík og byggingu á skolpdælustöð í Flóahverfi skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

### **13. 2105126 - Umferðaröryggi 2021**

Tillögur um aðgerðir í umferðaröryggi.

*Jón Ólafsson verkefnastjóri tekur þátt í fundinum undir þessum lið.*

*Jón Ólafsson verkefnastjóri lagði fram tillögur um umferðaröryggi í Skógahverfi, Esjubraut og Garðagrund. Tillögur felast m.a. í eftirfarandi:*

*Koma fyrir 30km hellulögðum hliðum í Asparskógum.*

*Merkja 30 km ofan á valdar götur.*

*Skoða með hellulagðar upphækkanir.*

*Koma upp hraðavaraskiltum, hugbúnaður sem safnar yfirliti um hraða og bílaumferð á viðkomandi stað.*

*Endurskoða umferðarskýrslu m.t.t. hámarkshraða.*

*Kostnaður við ofangreindar aðgerðir er metin á um 16.millj.kr.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki fyrir árið 2021 til að mæta þessum kostnaði.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur jafnframt Jóni Ólafssyni verkefnastjóra að endurskoða umferðarskýrslu m.t.t. hámarkshraða.*

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.**